



Borgarráð

Bergþórugata 18, úthlutun lóðar og sala byggingarréttar

Óskað er eftir að eftir að borgarráð samþykki að úthluta Hraunsvík ehf., kt. 581012-0550, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, um 360 fermetra íbúðarhúsalóð við Bergþórugötu 18 og selja byggingarrétt að 216 fermetrum ofanjarðar fyrir 33.950.000 kr. Verð lóðarinnar ákvarðast skv. niðurstöðu útboðs sem lauk 10. apríl 2019. Auk greiðslu fyrir byggingarrétt greiðast um 2.601.288 kr. í gatnagerðargjöld. Fjárhæð gatnagerðargjalda getur breyst til hækkunar eða lækkunar við álagningu þeirra við innlögn byggingarnefndateikninga.

Greiðslufrestur er 45 dagar frá samþykki borgarráðs á kauptilboði. Verði ekki af greiðslu kaupverðs byggingarréttarins í samræmi við ofangreint innan tilskilins frests getur það varðað riftun á sölu byggingarréttarins og afturköllun á úthlutun lóðar. Sama á við ef framkvæmdafrestir eru ekki virtir.

Lóðarhafi á ekki rétt á því að skila umræddri lóð aftur til Reykjavíkurborgar gegn endurgreiðslu lóðarverðsins sbr. lokamálslið greinar 1.14. í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum frá því í júní 2013. Lóðarhafa er heimilt að framselja rétt sinn með leyfi borgarráðs þar til lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Eftir að lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út er framsal lóðarinnar frjálst.

Tengingjöld fráveitu og önnur heimlagnagjöld innheimt af Veitum ohf. skv. gjaldskrá.

Ef samþykktar verða stærri byggingar á lóðinni en sem nemur viðmiðunarstærð gatnagerðargjalds á lóðinni skulu byggingaleyfishafar greiða auk viðbótargatnagerðargjalds, uppreiknað kaupverð byggingarréttarins fyrir þá fermetra sem bætast við núverandi byggingarheimildir skv. samþykktu deiliskipulagi sem gildir í dag. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Lóðin er afhent í núverandi ástandi sem lóðarhafi hefur kynnt sér og sættir sig við.

Að öðru leyti gilda um lóðina úthlutunar- og útboðsskilmálar fyrir sölu byggingarréttar á lóðinni Bergþórugötu 18, almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar frá júní 2013, sjá https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/2015uthlutunarskilmalar_almennir_loda_-_og_framkvaemdaskilmalar_02072015-1.pdf, og deiliskipulag fyrir Skólavörðuholt, sem tók gildi með auglýsingu í B-deild þann 6. júlí 2018.

Nánari ákvæði verða sett um leigu fyrir lóðina í lóðarleigusamningi. Lóðarleigusamningur verður gerður við lóðarhafa þegar lóðin er greidd.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Bergþórugata 18 - samanburðarskrá tilboða

Reykjavíkurborgar "Bergþórugata 18 - Íbúðarhúsnæði". Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.
Fundi stjórnaði Guðbjörg Eggertsdóttir. Fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.














BN-5441

Eftirfarandi fyrirtæki skiluðu inn tilboði:

1	Dagmar Þorsteinsdóttir	kr.	1.500.000
2	Landslagirnir	kr.	21.100.388
3	Reir ehf.	kr.	12.400.000
4	Erla Brimdís Birgisdóttir	kr.	7.000.000
5	Arnar Freyr Kristjánsson	kr.	11.000.000
6	KH Hús ehf.	kr.	14.870.000
7	Hraunsvík ehf.	kr.	33.950.000
8	ASAP ehf.	kr.	29.550.000
9	Eiríkur Benónýsson	kr.	12.600.000
10	Jón Ingi Gíslason	kr.	18.150.000
11	Kolbrún Hrund Víðisdóttir	kr.	1.000.000
12	G. Harpa Hauksdóttir	kr.	500.000
13	Hjörtur Aðalsteinsson	kr.	13.200.000
14	Óskar Rafnsson	kr.	15.000.000
15	Ólöf Salmon Guðmundsdóttir	kr.	2.000.000

Fleiri tilboð bárust ekki.

Fundi slitið kl. 14:22

 Guðbjörg Eggertsdóttir.
 Jón Ingi Gíslason
 Erla Brimdís Birgisdóttir
 Arnar Freyr Kristjánsson
 KH Hús ehf.
 Hraunsvík ehf.
 ASAP ehf.
 Eiríkur Benónýsson
 Kolbrún Hrund Víðisdóttir
 G. Harpa Hauksdóttir
 Hjörtur Aðalsteinsson
 Óskar Rafnsson
 Ólöf Salmon Guðmundsdóttir